



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJAVÍKUR

Dómur

4. nóvember 2019

Mál nr. E-3667/2017:

Stefnendur: A

B

C

D

(Unnsteinn Örn Elvarsson lögmaður)

Stefndi: BAUHAUS slhf.

(Nína Guðríður Sigurðardóttir lögmaður)

Dómarar: Þórður Clausen Þórðarson héraðsdómari,
Kjartan Bjarni Björgvinsson héraðsdómari og
Ágúst Þórðarson byggingafræðingur og
múrarameistari

Dómur

Héraðsdóms Reykjavíkur 4. nóvember 2019 í máli nr. E-3667/2017:

A

B

C

D

(Unnsteinn Örn Elvarsson lögmaður)

gegn

BAUHAUS slhf.

(Nína Guðríður Sigurðardóttir lögmaður)

Mál þetta, sem dómtekið var 9. september sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur með stefnu þingfestri 21. nóvember 2017 af A, [...], B, til heimilis að sama stað, C, [...], og D, til heimilis að sama stað, á hendur Bauhaus slhf., Lambhagavegi 2-4, 113 Reykjavík.

I.

Stefnendur krefjast þess aðallega að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim sameiginlega skaðabætur að fjárhæð 3.965.963 kr. vegna fjártjóns af völdum galla á hleðslusteinum keyptum af stefnda, með vöxtum af þeirri fjárhæð samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. janúar 2014 til þess dags er málið er þingfest en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Til vara að viðurkenndur verði með dómi réttur stefnenda til skaðabóta úr hendi stefnda vegna fjártjóns stefnenda, þ.m.t. beins og óbeins tjóns, af völdum galla á hleðslusteinum keyptum af stefnda.

Þá krefjast stefnendur þess í báðum tilvikum að stefnda verði gert að greiða sér málskostnað að mati dómsins, eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Stefndi krefst þess aðallega hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi.

Til vara krefst stefndi þess að kröfur stefnenda verði lækkaðar verulega og að málskostnaður verði í því tilviki felldur niður.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, dags. 8. nóvember 2018, var máli þessu vísað frá dómi og úrskurður kærður til Landsréttar. Með úrskurði Landsréttar þann 9. janúar 2019 var hinn kærði úrskurður felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdóm að taka málið til efnislegar meðferðar.

II.

Málsatvik

Mál þetta snýst um ætlaða galla á hleðslusteinum, sem keyptir munu hafa verið í Bauhaus og notaðir voru í hleðslu á vegg við parhús stefnenda að [...]. Í tölvuskeyti eins stefnenda, B, til stefnda segir að veggurinn hafi verið hlaðinn 2012, en önnur gögn benda til að umræddur steinn hafi verið keyptur á árinu 2013.

Ekki liggja fyrir í málinu reikningar til staðfestingar á kaupum allra hleðslusteinanna. Stefnendur hafa hins vegar lagt fram yfirlýsingu um framsal kröfurettinda á hendur stefnda frá X, dags. 5. maí 2017, þar sem fyrirtækið kveðst hafa keypt hluta af þeim hleðslusteini sem notaður hafi verið til þess að hlaða framan greindan vegg í kringum parhúsin að [...]. Steinninn hafi verið keyptur fyrir hönd tveggja stefnenda, C og D.

Fram kemur á framsali að C sé framkvæmdastjóri og stjórnarmaður X. Ekki liggja fyrir í málinu reikningar vegna kaupa X á umræddum steinum utan ódagsetta nótu að fjárhæð 17.400 kr. á árinu 2013, magn og verð liggur ekki fyrir. Fyrir liggja hins vegar liggja fyrir greiðslukortayfirlit sem sýna kaup stefnanda A á hluta hleðslusteinanna. Samkvæmt gögnum málsins eru efniskaup stefnenda vegna hleðslusteinanna og X af stefnda samtals að fjárhæð 388.964 krónur.

Stefnendur hlóðu vegginn sjálfir og nutu að sögn leiðsagnar múrarameistara, nágranna síns við verkið. Veggurinn mun síðan hafa verið málaður á árinu 2014. Fljótlega eftir að búið var að múra og mála vegginn árið 2014 hafi stefnendur veitt því athygli að um galla hafi virst að ræða sem þau hafi talið að rekja mætti til umræddra hleðslusteina.

Fram kemur í gögnum málsins að í júlí 2015 hafi farið fram samskipti milli stefnenda og stefnda án þess að sátt hafi náðst. E, deildarstjóri hjá stefnda, hafnaði kröfu stefnenda um úrbætur með tölvupósti 13. júlí 2016.

Stefnendur leituðu einhliða álits Halls Árnasonar húsasmíðameistara. Álit hans var að ekkert væri athugunarvert við framkvæmd hleðslu veggjarins en hins vegar taldi hann vera galla í framleiðslu hleðslusteinanna. Áðurnefndur E benti stefnendum á framleiðanda hleðslusteinanna, IBF í Danmörku, sem bauðst til þess að afhenda málningu til að endurvinna hana og mála yfir vegginn án þess að viðurkenna bótaskyldu.

Lögmaður stefnenda sendi kröfubréf fyrir þeirra hönd 27. febrúar 2017 þar sem þess var krafist að stefndi bætti úr gallanum svo að fullnægjandi væri og/eða greiddu skaðabætur. Svör komu ekki frá stefnda og sendi lögmaðurinn tölvupóst á stjórnarmann hjá stefnda og lögmann félagsins, Hlyn Halldórsson, 15. mars 2017 og óskaði eftir svörum. Þessu svaraði Hlynur með tölvuskeyti, dags. 3. apríl, sama ár þar sem kröfum stefnenda var hafnað.

Í framhaldi af þessu höfðu stefnendur matsmál, dags. 27. júní 2017 og var Auðunn Elíson, byggingarverkfræðingur dómkvaddur matsmaður í málinu þann 15. september 2017.

III.

Málsástæður og lagarök stefnenda

Til skýringa á breyttum dómkröfum stefnenda sé vísað til matsgerðar Auðuns Elíassonar byggingafræðings og húsasmíðameistara þar sem fram komi að kostnaður við að lagfæra umræddan vegg nemi samtals 4.289.800 krónur, en hægt sé að fá endurgreitt sem nemi 60% af virðisaukaskatti á verkstað eða 323.837 kr. Krafa stefnanda sé því lækkuð sem því nemi og að teknu tilliti til endurgreiðslu sé dómkrafan því 3.965.963 krónur.

Stefnendur byggi kröfur sínar bæði á lögum um neytendakaup nr. 48/2003 og einnig lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000. Stefnendur telji ljóst af áðurgreindu áliti Halls Árnasonar að hleðslusteinarnir, sem þau hafi keypt af stefnda og notað til þess að hlaða vegg meðfram fasteignum sínum, séu haldnir galla sem valdi því að holur myndist í vegginn. Vegna holanna í veggnum sé hann mikið lýti fyrir fasteignir stefnenda og nærumhverfi enda sé veggurinn stór og áberandi.

Stefnendur byggi á því að hið selda, hleðslusteinarnir, séu gallaðir í skilningi 1. mgr., sbr. 4. mgr. 17. gr. lausafjárkaupalaga, sbr. og 1. mgr. 18. gr. laganna, enda

fullnægi hið seldi ekki þeim kröfum og tilgangi sem honum eða sambærilegum vörum sé ætlað. Stefnendum þyki ljóst að hleðslusteinarnir hafi ekki hentað í þeim tilgangi sem stefndi hafi vitað að hleðslusteinarnir yrðu notaðir til, enda varan auglýst sem hleðslusteinn. Sömuleiðis hafi vantað allar upplýsingar um vöruna og hvernig ætti að vinna með hana, bæði hvað hleðslu varði sem og múrhúð og málningu. Þá telji stefnendur ljóst að söluhluturinn hafi ekki svarað til þeirra upplýsinga sem stefndi hefði gefið um hlutinn, allt skv. a-d-liðum 2. mgr. 17. gr. lausafjárkaupalaga. Stefnendur byggi á því að þeir eigi rétt á skaðabótum úr hendi stefnda af þeim sökum, sbr. 1. mgr., sbr. b-lið 3. mgr. 40. gr. lausafjárkaupalaga. Stefnendur taki fram að þeir telji sig eiga rétt á að fá bæði beint og óbeint tjón sitt bætt, sbr. 67. gr. lausafjárkaupalaga.

Stefnendur telji að neytendakaupalögin gildi sömuleiðis um kaup þeirra en um það gildi sömu málsástæður. Sérstaklega vísist til þess að samkvæmt 15. gr. neytendakaupalaga skuli söluhlutur henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir séu notaðir til, hafa þá eiginleika að bera sem neytandi hafi mátt vænta við kaup og henta í ákveðnum tilgangi, sem seljandi hafi mátt vita um við kaupin. Stefnendur telji ljóst að hleðslusteinarnir hafi ekki hentað í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir séu notaðir til, þeir hafi hvorki haft þá eiginleika að bera sem stefnendur máttu vænta við kaupin né hafi þeir hentað í þeim ákveðna tilgangi sem stefndi hafi vitað að hleðslusteinarnir yrðu notaðir til, enda varan auglýst sem hleðslusteinn. Stefnendur telji því ljóst að um galla sé að ræða enda komi fram í 16. gr. neytendakaupalaga að um galla sé að ræða ef söluhlutur er ekki í samræmi við þær kröfur sem komi fram í 15. gr. Enn fremur sé vísað til c-liðar 1. mgr. 16. gr. þar sem varan svari ekki til þeirra upplýsinga sem stefndi hafi gefið við markaðssetningu og sölu á honum, þ.e. varan hafi verið auglýst sem hleðslusteinn. Að síðustu sé vísað til d-liðar 16. gr. en vörunni hafi ekki fylgt neinar upplýsingar, hvorki um það hvernig ætti að hlaða með honum né vinna hann að nokkru öðru leiti en skv. ákvæðinu eigi nauðsynlegar upplýsingar um uppsetningu, samsetningu, umönnun og geymslu að fylgja. Byggi stefnendur þar af leiðandi á því að þeir eigi rétt á skaðabótum úr hendi stefnda af þeim sökum, sbr. 33. gr. laga um neytendakaup.

Dæma beri stefnendum bætur sem geri þá eins setta og ef um ógallaða vöru væri að ræða en í því felst bæði beint og óbeint tjón, þ.e. kostnaður af vinnu við að rífa og farga þeim hleðslusteinum sem ónothæfir eru og/eða laga þá ef kostur er. Krafist sé greiðslu kostnaður vegna efnis, sem notað hafi verið til þess að hlaða og vinna

steininn, þ.e. steypa, múrhúð, málning o.s.frv. og sömuleiðis efniskostnaður af því að kaupa nýja vöru, sem henti í sama tilgangi og sé ekki haldin galla. Jafnframt verði greiddur kostnaður sem felist í vinnu við að láta hlaða nýjan vegg.

Stefnendur byggja á því að tjón vegna galla á hleðslusteinunum hafi nú verið staðfest með matsgerð 3.965.963 kr. og krefjast þeirrar fjárhæðar ásamt vöxtum af þeirri fjárhæð skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. janúar 2014 til þess dags er málið hafi verið þingfest en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Varakrafa um viðurkenningu á skaðabótaskyldu byggist á sömu rökum og málsástæðum og áður hafi verið rakin um aðalkröfu. Um heimild til þess að leita viðurkenningar á skaðabótaskyldu vísi stefnendur til 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991, sbr. d-lið 1. mgr. 80. gr. sömu laga, en stefnendur telji ljóst að þeir hafi lögvarða hagsmuni af því að skorið sé úr um tilvist réttinda þeirra.

Stefnendur hafi ekki orðið varir við tjónið, gallann í hleðslusteinunum, fyrr en sumarið 2014, eftir að veggurinn var tilbúinn og því ekki komin 4 ár fyrr en á næsta ári. Sömuleiðis haldi stefnendur því fram að þeir hafi ekki haft nauðsynlegar upplýsingar um tjónið fyrr en í fyrsta lagi eftir að Hallur Árnason hafði skilað sínu áliti/matsgerð í febrúar 2017. Þrátt fyrir það hafi stefnendur kosið að koma málinu fyrir dóm og rjúfa þannig fyrningu ef svo ólíklega færi að stefndi héldi því fram að þeim hefði mátt vera tjónið ljóst fyrr. Enn fremur bendi stefnendur á 3. mgr. 32. gr. lausafjárkaupalaga og 2. mgr. 27. gr. neytendakaupalaga þar sem frestur og fyrning til þess að krefjast bóta og tilkynna um galla sé 5 ár í báðum tilfellum. Stefndi hafi þá ekki samþykkt óskir stefnanda um að bera ekki fyrir sig fyrningu og hafnað því í raun alfarið í síðustu samskiptum aðila, af þeim sökum hafi stefnendum nauðsynlegt að höfða mál þetta.

Stefnendur krefjist auk þess málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu og vísi hvað það varðar til 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Hvað aðild varði þá séu stefnendur eigendur parhússins við [...] og málið lúti að sameiginlegum hagsmunum þeirra enda um einn sameiginlegan vegg að ræða. Hleðslusteinarnir séu keyptir af stefnda af aðilum sjálfum og að hluta af X. X hafi hins vegar framselt kröfu sína á hendur stefnda að öllu leyti, til tveggja af fjórum stefnendum, þeirra C og D. Stefnendur hafi því lögvarða hagsmuni af því að fá úr máli þessu skorið með dómi og hafi þau forræði málsins og ákveði samkvæmt því hvernig þau hagi kröfugerð sinni í málinu.

Máli sínu til stuðnings vísi stefnendur til laga um lausafjárkaup nr. 50/2000, einkum 17., 18. 40., 67. og 32. gr. laganna. Einnig vísi stefnendur til laga um neytendakaup nr. 48/2003, einkum 15., 16., 33. og 27. gr. laganna. Stefnendur vísi einnig til meginreglna íslensks skaðabótaréttar, m.a. um sakarábyrgð og fullar bætur tjónþola, sem og til meginreglna íslensks samninga- og kröfuréttar. Þá vísi stefnendur til ákvæða laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 en gerð sé krafa um vexti samkvæmt 8. gr. er fjalli um vexti af skaðabótakröfum frá 1. janúar 2014 eða frá og með fyrstu áramótum frá afhendingu vörunnar en þá hafi hið bótaskylda atvik átt sér stað og allt til þingfestingardags stefnu þessarar. Kröfu um dráttarvexti frá þingfestingardegi styðji stefnendur við III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sérstaklega 1. mgr. 6. gr., sbr. 4. mgr. 5. gr. og 9. gr. sömu laga. Framsetning vaxtakröfunnar sé sett fram með þessum hætti til ívilnunar fyrir stefnda. Um aðild sé vísað til 18. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 og um framsal kröfuréttinda sé vísað til 22. gr. sömu laga. Um málskostnað vísist til XXI. kafla laga nr. 91/1991, sérstaklega 130.gr., sbr. 129.gr. laganna og krafa um að tekið verði tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun málskostnaðar byggist á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt enda stefnendur ekki virðisaukaskattskyldir. Um varnarþing vísist til 33. gr. og 37. gr. sömu laga laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

IV.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi gerir athugasemdir við atvikalýsingu stefnenda. Stefnendur haldi því fram að þeir hafi keypt hleðslusteina í byggingarvöruverslun stefnda á tímabilinu maí til júlí 2013. Stefndi bendi á að í tölvupósti eins stefnenda til stefnda, dags. 13. maí 2016, komi fram að veggurinn hafi verið hlaðinn árið 2012. Þannig geti ekki staðist að hleðslusteinarnir hafi verið keyptir árið 2013. Þá sýni gögn málsins fyrst samskipti milli stefnenda og stefnda hvað varðar hleðslusteinana um miðjan júlí 2015.

Stefnendur leggi hvorki fram gögn til stuðnings því að þeir hafi keypt hleðslusteina af stefnda né hvaða upplýsingar hafi verið veittar við um kaup stefnenda á hleðslusteinunum. Um sé að ræða grundvallarupplýsingar fyrir kröfu stefnenda og stefndi telji nauðsynlegt að fyrir liggi kvittanir fyrir kaupunum. Að öðrum kosti liggi ekki fyrir nein sönnunargögn um kaupin, dagsetningu þeirra, keypt magn og hvað stefnendur hafi greitt fyrir hleðslusteinana og aðrar vörur, sem notaðar hafi verið þegar veggurinn var reistur.

Þá komi einnig fram að stefnendur hafi notið leiðsagnar múrara um hleðslu og frágang veggins. Í tölvuskeytum og í stefnu segi að stefnendur hafi hlaðið og múrað vegginn sjálfir undir leiðsögn, eftirliti og með aðstoð frá Magnúsi Jónssyni múrarameistara en engar upplýsingar komi fram varðandi það í hverju leiðsögn hans hafi verið falin eða hversu ítarleg hún hafi verið. Stefndi fellst ekki á niðurstöðu áhlits Halls Árnasonar, enda um að ræða einhliða aflað mat sem sé í ósamræmi við matsgerð, sem stefnendur hafi aflað síðar og vísi til í stefnu að þeir muni byggja á.

Þá fallist stefndi ekki á lýsingu stefnenda er lúti að vegg í Aðalþingi. Myndir af þeim vegg sýni ummerki þess að loft hafi sprungið út á einstaka stöðum. Ljóst sé af myndum að það sé alls ekki líkt því sem myndast hafi á vegg stefnenda. Stefndi krefst sýknu af aðal- og varakröfum stefnenda. Stefndi byggi á því að umræddir hleðslusteinar séu ekki gallaðir og að þau lýti, sem sjá megi á vegg við hús stefnenda, megi rekja til vinnuáðferða og meðhöndlunar stefnenda á steinunum.

Stefnendur hafi sent stefnda matsgerð matsmanns, sem dómkvaddur hefði verið af hálfu stefnenda. Stefnendur vísi til þess í stefnu að þeir muni byggja á framangreindri matsgerð. Stefndi telji nauðsynlegt að benda á að allur málatilbúnaður stefnenda gegn stefnda byggist á því að þeir hafi keypt gallaða hleðslusteina í verslun stefnda. Það sé grundvöllur fyrir kröfu stefnenda. Engar kvittanir eða aðrar upplýsingar um hin meintu kaup stefnenda séu lögð fram með stefnu. Þetta snúi að því hvernig stefnendur séu komnir að kröfunni og geti beint henni að stefnda. Þá sé lagt fram skjal um framsal á kröfu vegna kaupanna. Framsalið lúti að kröfum vegna „hluta af“ hleðslusteini sem notaður hefði verið til að hlaða vegg við [...], sem keyptur hafi verið af X sumarið 2013. Ljóst megi vera að engin leið sé að vita hvað stefnendur hafi greitt við þessi kaup. Stefnendur krefjast m.a. greiðslu kostnaðar vegna þess „efnis er notað var til þess að hlaða og vinna steininn þ.e. steypa, múrhúð, málning o.s.frv.“ Um sé að ræða útlagðan kostnað stefnenda sem ekki verði sannaður með matsgerð. Engir reikningar hafi verið lagðir fram til sönnunar um réttmæti þessarar kröfu þrátt fyrir að lögmaður stefnenda hafi ætlað að senda lögmanni stefnda og matsmanni slíkar kvittanir, sjá bls. 2 í matsgerð, en matsmaður hafði við það tilefni sérstaklega óskað eftir þeim. Þannig liggi ekki fyrir hvaða efni hefði verið notað né hvað það hafi kostað. Stefnendur virðist ekki sjálfir vissir um hvaða steypa hafi verið notuð á vegginn en á bls. 2 í matsgerð komi fram að matsbeiðandi „taldi að steypa sem notuð var í vegginn væri C35/45.“ Gögn sem þessi hefðu átt að liggja fyrir við þingfestingu

máls, sbr. 1. mgr. 95. gr. eml. Með vísan til framangreinds sé ljóst að stefnendur hafa ekki lagt fullnægjandi grunn að máli sínu.

Loks bendi stefndi á að stefnendur byggji málatilbúnað sinn á bæði lögum um neytendakaup nr. 48/2003 og lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000. Það athugist að hluti kröfunnar verði ekki dæmdur á grundvelli laga um neytendakaup enda um að ræða kaup af hálfu fyrirtækis sem síðar hefði framselt kröfu sína til einstaklinga. Samkvæmt 1. gr. neytendakaupalaga gildi lögin um sölu hlutar til einstaklings sem kaupir söluhlut utan atvinnustarfsemi. Verði fallist á málatilbúnað stefnenda á grundvelli laga um neytendakaup en ekki laga um lausafjárkaup sé ómögulegt að komast að því hver dæmd fjárhæð skuli vera enda engin skil gerð á milli eða kvittanir lagðar fram fyrir kaupum fyrirtækisins annars vegar og einstaklinganna hins vegar. Stefndi telji að þetta leiði til þess að krafan verði ekki dæmd í heild sinni á grundvelli laga um neytendakaup. Því beri eingöngu að horfa til laga um lausafjárkaup við úrlausn málsins. Stefndi muni þó til öryggis vísa til bæði lausafjárkaupalaga og neytendakaupalaga.

Framangreint vekir spurningar um hvort að aðild stefnenda standist. Stefnendur geri sameiginlega kröfu um skaðabætur, en ekki hver fyrir sig, án þess að tilgreina hvernig þeir geti átt þessa kröfu sameiginlega. Aðildin sé samkvæmt stefnu byggð á 18. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 en rétturinn geti ekki talist óskiptur enda byggist krafan á kaupum annars vegar einstaklinga og hins vegar fyrirtækis. Um aðskilin viðskipti sé að ræða gagnvart stefnda. Það að stefnendur hafi síðar nýtt hleðslusteinana í sameiginlegan vegg og að hluti stefnenda hafi árið 2017 fengið framselda kröfu breytti því ekki.

Sýknukrafa stefnda byggji í fyrsta lagi á því að hleðslusteinninn hafi ekki verið gallaður. Í matsgerð sem stefnendur hafi aflað komi fram að samsetning fylliefna í hleðslusteininum samræmist ekki viðmiði í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Stefndi vekir athygli á að um sé að ræða niðurstöðu samstarfsmanna matsmanns sem ekki hafi verið dómkvaddir, sjá bls. 4 í matsgerð og fylgiskjal 4 með matsgerðinni. Þannig hafi aðilar, a.m.k. stefndi, ekki haft færi á að meta hæfi umræddra sérfræðinga. Þá sé ljóst að stefndi eigi ekki kost á að kalla sérfræðingana fyrir dóm enda hvorki vitni né dómkvaddir matsmenn í málinu. Stefndi telji því ljóst að fylgiskjal 4 með matsgerðinni sé ekki matsgerð eða hluti hennar í skilningi IX. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Niðurstaða samstarfsmanna matsmanns hafi því ekki þýðingu til sönnunar í þessu máli.

Niðurstaðan matsgerðarinnar sé sú að nota skuli hleðslusteinninn áfram en ganga þurfi frá veggnum uppá nýtt með réttum hætti. Þannig segi t.d. á bls. 12 í matsgerðinni: „Matsmaður telur að með lagfæringum á veggjum eins og lýst sé hér að neðan sé hægt að laga veggi og koma í veg fyrir frekari skemmdir þó svo líklegt sé að viðhald veggja verði eitthvað umfangsmeira heldur en á hefðbundnum steiptum vegg en slíkt hefði líklega komið til hvort sem er vegna frágangs á láréttum köntum.“ Niðurstaða matsmanns verði ekki skilin öðruvísi en að hleðslusteinninn sé ekki gallaður heldur skipti frágangur og aðrir þættir meira máli. Þannig sé það niðurstaða matsgerðarinnar að ekki þurfi annað til að koma en vönduð vinnubrögð svo að nota megi umrædda hleðslusteina á þann hátt er stefnendur hefðu átt að gera. Í matsgerðinni komi hins vegar skýrt fram að margt hefði verið að frágangi umrædds veggs eins og nánar verður rakið.

Hleðslusteinninn hafi verið í sölu hjá stefnda síðan árið 2012. Stefndi hafi aldrei áður fengið kvartanir vegna hleðslusteina af sömu gerð og tegund. Stefndi hafi jafnframt fengið upplýsingar um að hið sama eigi við um framleiðanda hleðslusteinsins í Danmörku. Stefndi telji því ljóst að það hefði verið handvömm stefnenda við frágang en ekki hleðslusteinninn sem olli skemmdunum á veggnum. Matsgerðin taki mið af aðstæðum, vinnubrögðum og öllu efnisvali í þessu tiltekna máli. Niðurstaða hennar sýni að með réttum vinnubrögðum megi nota hleðslusteinninn án nokkurra vandræða.

Pegar stefndi seldi hleðslusteina hafi hann ekki upplýsingar um fyrirhuguð not kaupanda. Stefnendur hafi á engan hátt gert grein fyrir því hvernig stefndi átti að vita um fyrirhuguð not stefnenda á hleðslusteininum og hafi engin sönnunargögn lagt fram máli sínu til stuðnings. Þannig hafi stefndi hvorki vitað hvort að hleðslusteinninn yrði notaður úti né hvernig hann yrði meðhöndlaður, hvort hann stæði ofan eða neðan jarðar eða hvort að jarðvegur myndi koma upp að veggnum. Í þessu samhengi sé bent á að hleðslusteinninn hafi aldrei auglýstur sem útihleðslusteinn enda hafi stefnendur ekki byggt á því. Stefnendur hafi ekki sýnt fram á að stefndi hafi veitt þeim rangar upplýsingar.

Stefndi, sem byggingarvöruverslun, selji ýmsar vörur sem sérfræðipækkingu þurfi til að nota. Stefndi telji einsýnt að hann geti ekki séð fyrir alla mögulega notkun á keyptum vörum. Í málinu liggi ekkert fyrir um að stefnendur hafi veitt stefnda slíkar upplýsingar eða leitað eftir leiðsögn stefnda og verði ábyrgð fyrir útkomu verksins því ekki lögð á stefnda. Stefndi telji þetta sérstaklega eiga við í þeim tilvikum þar sem

gera má ráð fyrir að fagmenn með löggildingu muni koma að verki svo sem í þessu tilviki. Stefnendur hafi hlaðið vegginn sjálfir og samkvæmt málsatvikalýsingu stefnenda hafi þeir notið leiðsagnar múrarmeistara, en um sé að ræða lögverndaða iðngrein, sbr. iðnaðarlög nr. 42/1978 og reglugerð nr. 940/1999. Stefnendur hafi þannig ekki talið sig geta unnið verkið án aðkomu sérfræðings. Stefnendur hafi þannig með réttu sjálfir gengið út frá þeirri forsendu að þeir gætu ekki keypt hleðslustein í verslun stefnda og hlaðið vegg án nokkurrar sérfræðipækkingar. Þannig liggi fyrir að stefnendur hefðu ekki í þessu tilviki reitt sig ekki á sérfræðipækkingu eða leiðbeiningar stefnda hvað varðar notkun hleðslusteinana.

Samkvæmt matsgerð þeirri sem stefnendur hafi aflað, hafi frágangi veggins verið verulega áfátt. Þannig séu í matsgerð gerðar athugasemdir við titrun steypu, sbr. eftirfarandi umfjöllun á bls. 4 í matsgerð: „Einnig var hægt að sjá að engin steypa eða steypueðja hefur lekið út úr þessar rifur sem gefur til kynna að titrun steypu við niðurlögn hafi verið takmörkið. Þar sem sést í enda á súlu sem er ómúruð er einnig hægt að greina að steypa hefur ekki verið titruð mikið við niðurlögn.“

Þá séu einnig gerðar athugasemdir í matsgerð við vöntun á vatnsþétu lagi, uppbyggingu veggjarins innan lóðarinnar og drendúk og frágang hans, sbr. umfjöllun á bls. 10: „Steypa hleðslusteina er ekki þétt og samskeyti eru bæði lóðrétt og lárétt sem gerir það að verkum að vatn á greiðari leið í gengum vegginn og þarf því eins og leiðbeiningar segja til um að hafa vatnsþétt lag þar sem jarðvegur kemur að veggnum. Einnig kemur fram að setja skal drendúk og leggja drenlagn við undirstöður en miðað við uppbyggingu veggjarins er hætt á að vatn safnist fyrir innan lóðar og getur vatnsstaða verið hátt upp á vegginn. Sá drendúkur sem settur var á vegginn er ekki þéttur og ófrágenginn að ofanverðu.“

Loks eru gerðar athugasemdir við lárétta fleti ofan á veggjunum á bls. 10: „Ofan á veggjum hafa láréttir fletir verið múrhúðaðir og eru án halla þannig að hætt er að vatn standi á veggjum sem leiðir til þess að með tímanum gengur það inn í vegginn og hefur áhrif á ófrostþolið fylliefnið sem gerir ástand veggjar enn verra en ef reynt væri að takmarka vatnsleka inn í vegginn.“

Í niðurstöðukafla um lið 2 í matsgerð, bls. 11, segi loks: „Mikið magn af blettum sem springa út úr veggnum og litur sem kemur í gengum vegginn við götu má rekja til frágangs og framkvæmda við veggina.“

Ekkert komi fram í stefnu um það í hverju ráðleggingar múrarmeistara við verkið hafi falist. Það hljóti þó að vera hlutverk múrarmeistara að meta

efnasamsetningu þeirra byggingarvara sem notaðar séðu við að steypa vegg og meta í framhaldinu hvernig vinna skuli verkið, s.s. hvaða ráðstafanir henti til að tryggja að byggingin verði ekki fyrir skaðlegum áhrifum af völdum vatns og raka, sbr. 10.5.1 gr. í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Í matsgerð þeirri er stefnendur öfluðu komi fram á bls. 4 í umfjöllun um hleðslusteinana: „Við skoðun á veggnum þar sem hann er ekki múrhúðaður sést vel að yfirborð steins er ekki þétt og þar sem lóðrétt skil eru á milli steina er allt að 4-5 mm bil.“. Telja verði að múrarameistari myndi þekkja hvernig nota megi hleðslustein og hvernig réttur frágangur sé fyrir hann með framangreindum einkennum sem sjáist vel samkvæmt matsmanni. Væri hann í vafa sé ekki óvarlegt að álykta að sem sérfræðingur myndi hann enn fremur leita sér frekari upplýsinga um steininn í ljósi einkennanna áður en hafist væri handa. Þá þekki sérfræðingur ákvæði 10.5.2 byggingarreglugerðar nr. 112/2012 þar sem fram komi að yfirborð jarðvegs við byggingu skuli halla nægjanlega til að yfirborðsvatn renni ávallt frá byggingu. Þegar það sé ekki hægt skuli gera aðrar fullnægjandi ráðstafanir til að leiða vatn frá byggingunni.

Stefndi sem seljandi byggingavara beri ekki ábyrgð á því að neytendur eða fyrirtæki sem kaupi vörur í verslun stefnda leiti ekki eftir ráðgjöf eða fái ekki fullnægjandi sérfræðiráðgjöf frá þriðja aðila. Stefnendur beri sjálfir ábyrgð hafi framkvæmd við uppsetningu hleðslusteinanna verið áfátt en múrarameistarinn beri ábyrgð ef ráðgjöf hans hafi verið áfátt. Því beri að sýkna stefnda enda geti hann ekki borið ábyrgð á rangri framkvæmd við hleðslu og frágang veggjar af þeirri ástæðu einni að hleðslusteinarnar hafi verið keyptir í byggingarvöruverslun stefnda.

Í ljósi alls framangreinds getur hleðslusteininn ekki talist gallaður í skilningi 17. eða 1. mgr. 18. gr. lkpl. né í skilningi 15. eða 16. gr. nkpl.

Í öðru lagi vísi stefndi aftur til þess að engin gögn hafa verið lögð fram sem sýni hvenær kaup á hleðslusteinum áttu sér stað né gögn sem sýni fram á hvenær stefnendur höfðu nauðsynlegar upplýsingar um meint tjón. Þar af leiðandi sé ljóst að sönnunarbyrði hvað fyrningu varðar hvíli ekki á stefnda. Stefndi hafi skorað á stefnendur að leggja fram gögn er sýna fram á framangreint. Stefndi áskilji sér rétt til að tefla fram málsástæðu um fyrningu að fram komnum nánari upplýsingum.

Í þriðja lagi beri stefndi fyrir sig sjónarmið um tómlæti stefnenda. Í ljósi óskýrs málalímbúnaðar hvað kaupin varðar geti stefndi ekki vitað nákvæmlega hvenær kaupin áttu sér stað né hvenær stefnendur höfðu fyrst tilefni til að leita til stefnda vegna meints galla. Samkvæmt stefnu hafi öll kaup farið fram í maí til júlí 2013 en

samkvæmt framangreindu tölvutölvuskeyti eins stefnenda sé veggurinn þó hlaðinn árið 2012. Gögn málsins sýni fyrst samskipti milli stefnenda og stefnda um miðjan júlí 2015.

Verði ekki fallist á sýknukröfu stefnda sé gerð krafa um lækkun fjárkröfunnar. Vísað sé til umfjöllunar um sýknukröfu eftir því sem við eigi. Stefndi bendi í fyrsta lagi á að málatilbúnaður stefnenda virðist fela í sér kröfu um bætur fyrir upphaflegan efniskostnað og kröfur vegna kostnaðar við kaup á nýju efni fyrir verkið. Þannig sé í senn krafist endurgreiðslu og nýrra vara. Stefndi mótmæli þessum máltalibúnaði enda væri meint tjón þeirra þá ofbætt og slík niðurstaða fæli í sér ólögmeta auðgun stefnenda. Eins og stefndi hafi bent á leggi stefnendur ekki fram neinar kvittanir fyrir þeim vörum sem þeir telja að stefndi eigi að bæta þeim. Þegar af þeirri ástæðu sé tjón vegna útlagðs kostnaðar ósannað og ekki hægt að fallast á kröfur stefnenda hvað þetta varðar.

Stefnendur vísi til þess í stefnu að stefnufjárhæðinni verði breytt í samræmi við niðurstöðu dómkvadds matsmanns. Nú liggi fyrir matsgerð hins dómkvadda matsmanns. Á blaðsíðu 14 er að finna eftirfarandi yfirlit kostnaðarmats matsmanns. Um er að ræða kostnað við úrbætur á veggnum:

»

Heiti	Eining	Magn	Vinna/akstur	Efni/tæki	Samtals
Taka upp sólpall, pott og kofa	heild	1	180.000	26.600	206.600
Grafa frá veggjum innan lóðar	lm	45	75.000	240.000	315.000
Hreinsun veggja undir jarðvegi	m2	17	30.000	15.000	45.000
Pappalögn á vegg	m2	20	144.000	93.500	237.500
Takkadúkur	m2	20	81.000	16.000	97.000
Drenlögn og tenging við lagnir	lm	45	126.000	156.800	282.800
Fylla að veggjum og ganga frá yfirborði	lm	45	37.500	168.000	205.500
Ganga frá sólpalli, potti og kofa	heild	1	315.000	33.000	348.000
Taka niður tréklæðningu ofan á vegg	heild	1	90.000	16.300	106.300
Hreinsa yfirborð múrhúðunar	m2	103	337.500	88.000	425.500
Múrviðgerð á fötum og endurmúrað	m2	103	720.000	206.000	926.000
Málun veggja, grunnur og tvær umf.	m2	103	175.600	103.300	278.900
Þétting ofan á láréttum flötum	lm	40	90.000	55.000	145.000
Áfellur á lárétta fleti	lm	40	162.000	241.700	403.700
Ganga frá tréklæðningu ofan á vegg	heild	1	225.000	42.000	267.000
Samtals			2.788.600	1.501.200	<u>4.289.800</u>
Þar af vsk af vinnu á verkstað			539.729		
Endurgreiðsla 60% vsk af vinnu á verkstað			-323.837		-323.837

Samtals að frádreginni endurgreiðslu vsk	2.464.763	1.501.200	3.965.963
--	-----------	-----------	------------------

”

Stefndi bendi á að ofangreint kostnaðarmat feli ekki í sér mat á því hvað stefnda beri að greiða stefnendum heldur eingöngu mat á kostnaði úrbóta. Í málinu sé deilt um hvort hleðslusteininn teljist vera gallaður og hver kunni að vera ábyrgð stefnda á þeim galla.

Telji dómurinn hleðslusteinana gallaða og að stefndi beri ábyrgð á því geti ábyrgð stefnda þó aldrei tekið til annars en sannaðs tjóns og því sem með sanngirni hafi mátt sjá fyrir sem hugsanlega afleiðingu vanefndar galla hleðslusteinsins, sbr. 52. gr. nkpl. og 1. mgr. 67. gr. lkp.

Sé litið til framangreinds mats sé ljóst að fæstir liðir þess uppfylli framangreint. Þeir varði m.a. vinnu og efni, sem aldrei hafi verið ráðist í eða keypt. Sumt hafi einfaldlega ekki verið klárað með fullnægjandi hætti. Aðrir liðir varði vinnu eða efni sem almennt hefði þurft við hleðslu veggjar við aðstæður á lóðinni við [...] óháð hleðslusteininum. Framangreint eigi við um eftirfarandi liði: „Grafa frá veggjum innan lóðar“, „Pappalögn á vegg“, „drenlögn og tenging við lagnir“, „fylla að veggjum og ganga frá yfirborði“, „taka niður tréklæðningu ofan á vegg“, „þétting ofan á láréttum flötum“, „áfellur á lárétta fleti“ og „ganga frá tréklæðningu ofan á vegg“. Þá telji stefndi ekki nauðsynlegt til lagfæringar á veggnum að taka upp sólpall, pott og kofa og ganga frá því aftur. Hvað varðar takkadúk þá hafði hann verið lagður niður en ekki gengið frá honum rétt. Stefndi beri ekki ábyrgð á þeim vinnubrögðum. Stefndi vísi um þessi atriði til fyrrgreindrar umfjöllunar um niðurstöðu matsgerðarinnar um frágang stefnenda. Eftir standi eingöngu þeir kostnaðarliðir er lúti að „hreinsun veggja undir jarðvegi“, „hreinsa yfirborð múrhúðunar“, „múrviðgerð á fötum og endurmúrað“ og „málun veggja, grunnur og tvær umf.“ Stefndi geti ekki undir nokkrum kringumstæðum talist bera ábyrgð á öðrum þáttum er matsmaður tiltekur í mati sínu. Þá hafi stefndi skorað á stefnendur að veita ítarlegar upplýsingar um í hverju leiðsögn múrarameistarans Magnúsar Jónssonar við verkið hafi falist.

Vaxtakröfu stefnenda og dráttarvaxtakröfu sem og upphafstíma dráttarvaxta sé mótmælt sérstaklega, enda liggja ekki enn fyrir fullnægjandi upplýsingar til að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta, sbr. 9. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

Málkostnaðarkrafa stefnda eigi sér stoð í 129. og 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Stefndi vísi að öðru leyti til meginreglna samninga- og

kröfuréttar, laga um lausafjárkaup nr. 50/2000, laga um neytendakaup nr. 48/2003 og laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

Stefndi skoraði á stefnendur að leggja fram kvittanir fyrir kaupum á hleðslusteininum og fyrir öðrum efniskostnaði er varða kröfur þeirra.

V.

Niðurstaða

Stefnendur byggja kröfur sínar bæði á lögum um neytendakaup nr. 48/2003 og lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000. Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um kaup stefnenda á umræddum hleðslusteinum. Fram kemur af yfirferð yfir kortafærslur stefnanda A að hann hefur keypt hleðslustein og efni 371.564 kr. af stefnda Bauhaus á tímabilinu apríl 2103 til 8. júní 2013. Þá liggur fyrir nóta frá 2013 varðandi kaup X. á hleðslustein af Bauhaus fyrir 17.400 krónur.

Sundurliðun á efniskaupum samkvæmt framlögðum gögnum er sem hér segir:

Kortafærslur A:

09.07.13 –	BM Vallá	16.565	
10.07.13	Bauhaus	19.959	Steypustál – Funda hleðslusteinn
21.07.13	Bauhaus	11.937	Basis sement
02.04.13	Bauhaus	18.995	Jarðleiðsla
10.04.13	Bauhaus	18.270	Funda hleðslustein
10.04.13	Bauhaus	17.400	Funda hleðslusteinn
11.04.13	Bauhaus	17.400	Funda hleðslusteinn
11.04.13	Bauhaus	16.820	Funda hleðslusteinn
11.04.13	Bauhaus	17.353	Funda hleðslusteinn
16.04.13	Bauhaus	73.986	Steypustál – Funda hleðslusteinn
19.04.13	Bauhaus	21.450	
22.04.13	Bauhaus	13.566	Funda hleðslusteinn
22.04.13	Bauhaus	13.566	

03.05.13	Bauhaus	16.530	
27.05.13	Bauhaus	37.620	
27.05.13	Bauhaus	10.730	
31.05.13	Bauhaus	16.597	Funda hleðslusteinn
08.06.13	Bauhaus	12.820	
Samtals:	371.564 kr.	vegna kaupa á efni í Bauhaus á vegum A	

X – nóta. 8. júní 2013.

Árið 2013 (dagsetning óljós) Bauhaus Funda hleðslusteinn 17.400

Samtals eru efniskaup af stefnda Bauhaus 388.964 kr.

Að öðru leyti er byggt á framlagðri yfirlýsingu um kröfuframsál X á hluta hleðslusteina sem sagðir eru hafa verið keyptir f.h. tveggja stefnenda af stefnda. Engin gögn liggja hins vegar fyrir um kaup X á umræddum steinum utan ódagsettrar nótu að fjárhæð 17.400 kr. á árinu 2013, magn og verð eða nákvæm tímasetning kaupanna. Fram kemur að þau hafi verið gerð sumarið 2013.

Þá er ekkert upplýst um greiðslur stefnenda vegna kaupa á steinum af X. Að öðru leyti er ekkert upplýst um hlutdeild hvers stefnanda í efniskostnaði. Stefndi C kom fyrir dóm við aðalmeðferð 9. september 2019 og kvaðst aðspurður ekkert hafa um það hvað greitt hafi verið við framsalið á steinum frá X, en C er eigandi og framkvæmdastjóri X. Hann kvað engar upplýsingar hafa verið veittar um meðhöndlun steinanna og þeir verið afhentir í porti utanhúss. Þeir hafi spurt hvort nota mætti steinana utanhúss og því verið játað að sjálfsgöðu. Aðspurður kvaðst hann ekkert hafa um það hvað greitt hefði verið fyrir hina framseldu kröfu.

Af hálfu stefnenda liggur ekki fyrir hvort þeir hafi leitað eftir upplýsingum eða ráðgjöf varðandi vinnubrögð við hleðslu steinanna eða annað varðandi samskipti við starfsmenn stefnda um eiginleika steinanna eða þá hvort þeir hefðu kynnt starfsmönnum stefnanda hver hafi verið fyrirhuguð nýting þeirra á steinum. Ekkert kemur fram af hálfu stefnenda varðandi samskipti við starfsmenn stefnda við kaup á steinum, hvort óskað hafi verið upplýsinga um eiginleika steinanna. Þá segir í stefnu að steinarnir hafi verið auglýstir sem hleðslusteinar en ekkert liggur fyrir í málinu um það hvar eða hvernig steinarnir hafi verið auglýstir.

Stefnendur byggja á því að umræddur hleðslusteinn hafi verið gallaður og reisa kröfur sínar bæði á lögum um neytendakaup nr. 48/2003 og lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000. Dómurinn telur að hluti kröfunnar verði ekki dæmdur á grundvelli laga um neytendakaup enda um að ræða kaup af hálfu fyrirtækis sem síðar framseld kröfu sína til einstaklinga. Samkvæmt 1. gr. neytendakaupalaga gilda lögum um sölu hlutar til einstaklings sem kaupir söluhlut utan atvinnustarfsemi. Ljóst er að hluti kröfu stefnenda verður því ekki byggður á grundvelli laga um neytendakaup.

Stefnendur hafa sönnunarbyrði fyrir því að hleðslusteinararnir hafi verið gallaðir. Hvorki liggur fyrir um það í málinu að stefndi hafi heitið stefndum einhverjum sérstökum eiginleikum hleðslusteinsins og né að rangar upplýsingar hafi verið veittar í skilningi 18. gr. lkpl. Stefnendur byggja á því að hið selda, hleðslusteinninn, séu gallaðir í skilningi 1. mgr., sbr. 4. mgr. 17. gr. lausafjárkaupalaga, sbr. og 1. mgr. 18. gr. laganna, enda fullnægi hið selda ekki þeim kröfum og tilgangi sem honum eða sambærilegum vörum sé ætlað. Stefnendum þyki ljóst að hleðslusteinararnir hafi ekki hentað í þeim tilgangi sem stefndi hafi vitað að hleðslusteinararnir yrðu notaðir til, enda varan auglýst sem hleðslusteinn. Sömuleiðis hafi vantað allar upplýsingar um vöruna og hvernig ætti að vinna með hana, bæði hvað hleðslu varði sem og múrhúð og málningu. Þá telji stefnendur ljóst að söluhluturinn hafi ekki svarað til þeirra upplýsinga sem stefndi hefði gefið um hlutinn, allt skv. a-d-liðum 2. mgr. 17. gr. lausafjárkaupalaga. Stefnendur byggi á því að þeir eigi rétt á skaðabótum úr hendi stefnda af þeim sökum, sbr. 1. mgr., sbr. b-lið 3. mgr. 40. gr. lausafjárkaupalaga. Stefnendur taki fram að þeir telji sig eiga rétt á að fá bæði beint og óbeint tjón sitt bætt, sbr. 67. gr. lausafjárkaupalaga.

Bótakröfur stefnenda í málinu sem byggðar eru á framangreindri matsgerð eru samtals að fjárhæð 3.965.963 krónur, en samtals eru efniskaup af stefnda Bauhaus aðeins 388.964 krónur samkvæmt gögnum málsins.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að hleðslusteinninn hafi ekki verið gallaður og stefnendur hafi sönnunarbyrði fyrir þeirri fullyrðingu sinni.

Ekkert liggur fyrir í málinu um að rangar upplýsingar hafi verið veittar í skilningi 18. gr. lkpl. og c-lið 1. mgr. 16. gr. nkpl. Þá liggur ekkert fyrir um það í málinu að af hálfu stefnda hafi verið heitið einhverju um sérstaka eiginleika steinsins og er heludr ekki á því byggt af hálfu stefnenda. Þvert á móti hafa stefnendur haldið því fram að þeir hafi engar upplýsingar fengið um hvernig ætti að meðhöndla steininn.

Í matsgerð dómkvadds matsmanns, Auðuns Elíssonar byggingafræðings og húsasmíðameistara, kemur fram að matsbeiðandi hafi á matsfundi lagt fram efnisótu fyrir kaupum á hleðslusteinum og hægt hafi verið að greina af henni um hvers konar stein hafi verið að ræða og hver væri framleiðandi þeirra. Í niðurstöðum matsgerðar kemur fram að það sé mat matsmanns að hleðslusteinninn sé með fylliefni, sem sé ekki frostþolið og það hafi þær afleiðingar að múrhúð spryngi frá vegnum í litlum blettum á stærsta hluta veggja. Mikið af þessum skemmdum megi rekja til frágangs og framkvæmda við veggina. Gerðar eru miklar athugasemdir við vatnsþéttingu, dren og að láréttir fletir séu múraðir án halla. Þetta hafi þau áhrif að vatn eigi greiðari leið inn í veggina.

Í niðurstöðum matsgerðar er lagt mat á kostnað við úrbætur og ljóst að hluti þeirra er vegna ágalla á framkvæmd stefnenda við frágang og hleðslu veggja. Kostnaðarmatið felur hins vegar ekki í sér mat á því hvað stefnda beri að greiða stefnendum heldur eingöngu mat á kostnaði úrbóta.

Fram kemur í matsgerð að matsmaður hafi tekið með sér einn stein eftir matsfund og fengið tvo samstarfsmenn sína hjá Verkís hf., mannvirkjafræðing og auðlindajarðfræðing, til að skoða brot úr hleðslusteininum með tilliti til fylliefnis í steypu steinsins.

Niðurstöðu sína um að hleðslusteinninn innihaldi óþolinn fylliefni byggir matsmaður síðan á greiningu þessara samstarfsmanna sinna sem var fylgiskjal með matsgerð. Það athugast að samstarfsmenn matsmanns voru ekki dómkvaddir. Dómurinn telur að framangreint fylgiskjal með matsgerðinni sé því ekki matsgerð eða hluti hennar í skilningi IX. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 379/2008.

Af hálfu stefnenda hefur ekki verið á því byggt að stefnda hafi verið kunnugt um til hvers átti að nota steinana eða á því byggt að stefndi hafi búið yfir sérþekkingu. Fyrir liggur að stefndi gaf ekki stefnendum ráðgjöf varðandi hleðslu og frágang steinanna. Stefnendur leituðu hins vegar ráðgjafar hjá löggiltum múrara sem var nágrenni þeirra en ráðgjöf hans var takmörkuð.

Þá segir í matsgerð að ekkert bendi til að steypa sem lögð var milli steina hafi verið titruð að einhverju marki og því ekki eins þétt og hún ætti að vera miðað við að framkvæmd hafi verið í samræmi við ÍST EN 13670/2009 og Rb. Blað Eq.008 um steypuvinnu.

Þá segir í matsgerð að „Mikið magn af blettum sem springa út úr veggnum og litur sem kemur í gegnum vegginn við götu má rekja til frágangs og framkvæmda við veggina. Ekki hefur verið gætt að því að hafa vatnspéttilag á veggnum þar sem jarðvegur kemur upp að honum, ekki hefur verið gætt að ganga frá drendúk þar sem undir jarðvegi og ekki hefur verið drenað innan við vegginn sem stendur við götuna.“ Í matsgerð er þannig fullyrt að ástæða þess hvernig blettir sprungu út á veggjum hleðslu verði rakin til frágangs og framkvæmda við veggina. Þetta er samkvæmt því á ábyrgð stefnenda en ekki stefnda.

Í niðurstöðum matsgerðarinnar segir síðan að bæta eigi frágang en nota eigi hleðslusteinana. „Matsmaður telur að með lagfæringum á veggjum eins og lýst hafi verið hér að neðan sé hægt að laga veggi og koma í veg fyrir frekari skemmdir þó svo líklegt sé að viðhald veggja verði eitthvað umfangsmeira heldur en á hefðbundnum steiptum vegg en slíkt hefði líklega komið til hvort sem er vegna frágangs á láréttum köntum.“ Samkvæmt því sem rakið hefur verið telur dómurinn að stefnendur hafi ekki fært sönnur á að hleðslusteininn hafi verið gallaður. Þvert á móti sé orsök tjóns stefnenda vinnubrögð sem þeir báru ábyrgð á og tjónið því ekki á ábyrgð stefnda.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefnda af aðalkröfu stefnenda. Þá ber jafnframt með vísan til þess sem að framan er rakið einnig að sýkna stefnda af varakröfu stefnenda. Kostnaðarmat í matsgerð felur í sér ýmsa kostnaðarliði sem aldrei var ráðist í eða vinnu sem þarf að vinna að nýju vegna ófullnægjandi vinnubragða stefnenda og niðurstaðan felur ekki í sér mat á því hvað stefnda beri að greiða. Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnenda. Að fenginni þessari niðurstöðu ber að dæma stefnendur til að greiða stefnda málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn eins og nánar er kveðið á um í dómsorði.

Vegna embættisanna og veikindaleyfis dómsformanns hefur uppkvaðning dóms dregist umfram frest samkvæmt 1.mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, en aðilar voru sammála um að ekki væri þörf á endurflutningi málsins.

Dóminn kveða upp Þórður Clausen Þórðarson héraðsdómari ásamt meðdómsmönnum Kjartani Bjarna Björgvinsyn héraðsdómara og Ágústi Þórðarsyni byggingafræðingi og múrarameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Bauhaus slhf., er sýknður af kröfum stefnenda A, B, C og D.
Stefnendur greiði stefnda 1.100.000 krónur í málskostnað.

Pórður Clausen Þórðarson
Kjartan Bjarni Björgvinsson
Ágúst Þórðarson